

Fundur í skólaráði Smáraskóla mánudaginn 23. mars 2015

Mætt eru: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Björn Gunnlaugsson aðstoðarskólastjóri (sem ritar fundargerð), Ingibjörg Bragadóttir náms- og starfsráðgjafi og fulltrúi starfsmanna, Hrefna Björg Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Ingibjörg Birna Ólarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Árni Árnason fulltrúi foreldra

1. Á döfinni í skólastarfinu: Heilsudagar eru nýafstaðnir. Áhersla var að þessu sinni á netöryggismál meðal annars og þóttu dagarnir heppnast vel. Nú í vikunni mun Benedikt skólasálfræðingur fræða kennarahóp skólans um hvernig túlka megi og lesa úr greiningargögnum um nemendur. PISA-könnunin verður lögð fyrir föstudaginn 27. mars. Auglýst hefur verið eftir hugmyndum kennara að námskeiðum fyrir eldri nemendur í Dægradvöl fyrir næsta skólaár. Stjórnendur munu sækja námskeið um nýtt vinnumat kennara í vikunni. Björn Gunnlaugsson hefur verið ráðinn verkefnisstjóri spjaldtölvuvæðingar grunnskóla Kópsavogs og mun því fljótlega hverfa frá störfum en Sigrún Logadóttir kennari mun leysa hann af að mestu í deildarstjórn. Skipulagsdagur var í Smáraskóla 13. mars sl. en þar var starfsfólk m.a. boðið upp á fyrirlestur um Hugarfrelsi, kennslu í slökun, jóga og hugleiðslu, kynningu á Áttunni, sem er úrræði Velferðarsviðs, en síðari hluta dagsins var varið í matsfund þar sem starfsfólk kom á framfæri skoðunum sínum á kostum og göllum Smáraskóla sem vinnustaðar.
2. Drög að skóladagatali 2015-16 voru kynnt á kennarafundi nýlega. Sú breyting er gerð að undirbúningsdögum í ágúst hefur verið fjölgað um einn en í staðinn fækkað frágangsdögum í júní. Mæltist þetta vel fyrir hjá kennurum. Skipulagsdagar hafa einnig verið samræmdir milli skólanna. Enn er í athugum hvort samræma eigi með leikskólum skipulagsdag að hausti en ekki er komin niðurstaða í það. Skólaráð Smáraskóla telur að þótt ýmis góð rök séu fyrir samræmingu milli skólastiga sé nauðsynlegt að það sé gert á forsendum sem henta báðum aðilum. Í þessu tilviki hentar sameiginlegur dagur ekki grunnskólum og taka þarf tillit til þess.
3. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa benda til þess að skólarnir í Kópavogi standi vel í sambanburði við aðra íslenska skóla. Innan Kópavogs stendur Smáraskóli einnig afar vel. Ástæða er til að gleðjast yfir góðum árangri en hafa þarf þó í huga að próf sem þessi meta afmarkaðan hluta skólastarfs og eru hvorki eini né mikilvægasti mælikvarðinn.
4. Nemendakönnun Skólapúlsins kemur vel út hjá Smáraskóla. Sterkir þættir eru m.a. líðan nemenda og trú á eigin getu. Þættir sem hafa mælst undir meðallagi í Smáraskóla hafa einnig batnað eftir því sem liðið hefur á skólaárið. Foreldrakönnun var einnig lögð fyrir nýlega en niðurstöður þar eru ekki jafn góðar. Skólinn lítur á það sem sóknarfæri og mun bregðast við niðurstöðum með það fyrir augum að bæta skólastarfið. Myndaður verður rýnihópur með aðkomu foreldra og starfsfólks sem mun skoða niðurstöðurnar og koma með tillögur að úrbótum.